

Framboð til formanns Sálfræðingafélags Íslands



Ég heiti Tryggvi Ingason og býð mig fram til formanns SÍ.

Ég hef starfað sem sálfræðingur frá 2010 eftir að hafa lokið Cand. Psych. prófi frá Háskólanum í Árósum.

Ég hóf störf hjá Fjölskyldudeild Akureyrar haustið 2010 sem sálfræðingur við leik- og grunnskóla. Starfaði þar í tvö ár áður en ég flutti til Reykjavíkur og hóf störf hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar. Þar starfaði ég til loka árs 2016, að mestu við leik- og grunnskóla en var einnig tímabundið sálfræðingur í hælisleytendateymi Reykjavíkurborgar. Meðfram störfum mínum hjá Reykjavíkurborg var ég að hluta á stofu. Í byrjun árs 2017 tek ég þátt í að opna SÓL ehf ásamt fleiri sálfræðingum og læknum og hef verið þar í fullu starfi síðan.

Frá því að ég fékk starfsleyfi hef ég verið meðlimur SÍ og haft mikinn áhuga á störfum þess, bæði faglegum störfum og kjaramálum. Ég var í kjaranefnd Reykjavíkurborgar frá 2013 til 2016 og sat einnig í stjórn SÍ frá árinu 2014 til 2016.

Árið 2016 lauk ég diplómanámi í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í opinberum rekstri. Ég hef því ágæta þekkingu, reynslu og innsýn inn í störf og kjaramál sálfræðinga, bæði hjá hinu opinbera sem og hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum.

Ég hef mikinn áhuga á að vinna fyrir félagið og yrði það mín ánægja að starfa fyrir hönd sálfræðinga við þau fjölbreyttu verkefni sem eru á borði Sálfræðingafélags Íslands.

Ég er 45 ára gamall og giftur Sólveigu Fríðu Kjærnested sálfræðingi og eigum við þrjár dætur.

Framboð til meðstjórnenda í stjórn Sálfræðingafélagsins

Agnes Björg Tryggvadóttir

Ég útskrifaðist með cand.psych gráðu frá Háskóla Íslands árið 2008 og fékk löggildingu sem sálfræðingur sama ár. Fékk sérfræðiviðurkenningu í klínískri sálfræði árið 2017.

Ég hef sem sálfræðingur bæði unnið með börnum og fullorðnum. Ég starfað við áfengis- og vímuefnaeðferð unglunga um tíma og var síðar sálfræðingur við skólaþjónustu um þriggja ára skeið en hef lengst af starfað á Landspítala þar sem ég hef sérhæft mig í vinnu með áföll og afleiðingar þeirra og starfa í dag sem teymisstjóri Áfallateymis LSH.



Ég lauk tveggja ára HAM námi á vegum Endurmenntunar HÍ vorið 2017 en hef auk þess alla tíð sótt mikla endurmenntun og handleiðslu. Ég er í dag trúnaðarmaður sálfræðinga á Landspítala en hef einnig áður sinnt því hlutverki á fyrri vinnustað. Einnig hef ég frá síðasta aðalfundi verið í Fagráði SÍ. Loks hef ég komið að kjaramálum með setu í samtarfsnefnd LSH um stofnanasamninga.

Guðrún Ágústa Eyjólfsdóttir

Ég vil bjóða fram starfskrafta mín í stjórn Sálfræðingafélags Íslands. Frá því að ég var í námi hef ég haft mikinn áhuga á stöðu sálfræðinnar og sálfræðiþjónustu á Íslandi. Það er svo ótal margt sem sálfræðin hefur fram að færa til hagsbóta fyrir samfélagið sem ekki er verið að nýta. Þar ber hæst takmarkað aðgengi almennings að gagnreyndri sálfræðiþjónustu.

Helstu verkefni mín sem sálfræðingur hafa verið: Sálfræðingur í bráðateymi geðsviðs og á göngudeild. Þróun meðferðarúrræða og seta í lykilhópi um nýja bráðþjónustu. Einnig sinnti ég sálfræðiþjónusta á vegum Landspítala á Heilsugæslustöðinni á Ísafirði. Áður en ég hóf störf á LSH vann ég sem sjálfstætt starfandi sálfræðingur á Kvíðameðferðarstöðinni. En fyrstu verkefni mín eftir útskrift voru hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem verkefnastjóri verkefnisins "Eftirfylgd eftir 18 mánaða félagslega endurhæfingu" og rannsókn á stöðu sjúkraskrifaðra með fjárhagsaðstoð hjá þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Í dag starfa ég sem sérfræðingur hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði, en það eru fjölda margir einstaklingar sem fá sálfræðiþjónustu á vegum Virk.



Þeir sem hafa verið með mér í námi eða í starfi vita að ég hef iðulega skoðanir á því hvernig hlutir eru framkvæmdir og að ég vil gjarnan koma með tillögum að því hvernig má gera betur. Til að standa betur að vígi þegar kemur að tillögum að umbótum bætti ég við mig námi í lýðheilsuvísindum. En bætt aðgengi að gagnreyndri sálfræðimeðferð er eitt stærsta lýðheilsamálið í dag. Í störfum mínum hef ég ítrekað orðið vitni af þjáningu fólks, sem í mörgum tilfellum hefði verið hægt að milda eða koma í veg fyrir með réttri meðferð á réttum tíma. Sálfræðingar þurfa að ná eyrum landsmanna svo að þeir geti verið upplýstir "neytendur" þjónustu sem ætlað er að bæta líðan og sérstaklega þegar kemur að meðferð við geðröskunum. Einnig þykir mér mikilvægt að starfsumhverfi sálfræðinga styðja við faglegt starf og auðveldi nauðsynlega símenntun og handleiðslu.

Helgi Héðinsson

Ég heiti Helgi Héðinsson og óska eftir endurkjöri í stjórn Sálfræðingafélags Íslands. Ég hef verið í stjórn félagsins í 3 ár eða frá árinu 2016. Á þeim tíma hef ég m.a. setið í samninganefnd félagsins við ríkið og verið í undirbúningsnefnd fyrir Sálfræðipingið.

Ég lauk Cand.Psych. námi frá Háskóla Íslands árið 2010 og hóf störf á geðsviði Landspítala sama ár. Þar sinnti ég einnar helst meðferð við fíknivanda, þunglyndi og kvíða, ásamt handleiðslu nema í framhaldsnámi í sálfræði.

Árið 2016 breytti ég til að tók til starfa á sálfræðistofunni Líf og sál og starfa ég þar í dag. Megin viðfangsefni mín í dag er eins og áður meðferð við tilfinningalegum vanda auk þess að vinna með samskiptavandamál og aðra þætti sem hafa áhrif á geðheilsu fólks á vinnustöðum.

Samhliða þessu hef ég undanfarin ár starfað innan íþróttahreyfingarinnar og aðstoðað bæði lið og einstaklinga með sálræna hluta íþróttanna. Auk þess hef ég verið aðjúntkt við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands frá árinu 2012 og hef þar umsjón með kennslu í sálfræði.



Óttar Guðbjörn Birgisson

Ég heiti Óttar Guðbjörn Birgisson og býð mig fram til embættis meðstjórnanda Sálfræðingafélags Íslands. Ég er 34 ára gamall og kem úr Sandgerði en hef búið í höfuðborginni síðastliðin 15 ár. Í dag bý ég í Kópavogi ásamt eiginkonu og þremur börnum.

Ég lauk B.Sc. gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 2009 og starfaði eftir það sem deildarstjóri á íbúðakjarna fyrir geðfatlaða til ársins 2014 þegar ég hóf meistaranám í klínískri sálfræði við Háskólann í Reykjavík. Þaðan útskrifaðist ég 2016 og hef síðan þá starfað sem sálfræðingur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og í þunglyndis- og kvíðateyminu á Landspítalanum. Nú í febrúar 2019 hef ég störf á Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins. Auk þessara starfa hef ég verið með nokkra stofudaga á Domus Mentis Geðheilsustöð og á Sálfræðistofu Suðurnesja.



Ég hef talsverða reynslu af nefndarstörfum en ég var formaður Animu, félags sálfræðinema við HÍ 2007-2008 auk þess að hafa verið í stjórn 2006-2007. Þá var ég einn af stofnmeðlimum félags meistaranema í klínískri sálfræði við HR. Eins hef ég verið formaður húsfélags síðan 2016. Einnig hef ég verið í stjórn þriggja einkahlutafélaga. Loks má nefna að ég var í samninganefnd Sálfræðingafélags Íslands vegna kjarasamninga við ríkið árið 2017.

Ég tel mikilvægt að í stjórn Sálfræðingafélagsins sé fjölbreyttur hópur sem endurspeglar þá breidd sem finna má í stéttinni. Ég lít á mig sem fulltrúa nýlega útskrifaðra sálfræðinga ásamt því að vera með innsýn í opinber störf sem og störf sjálfstætt starfandi sálfræðings. Þá er ég einnig með taugar til landsbyggðarinnar sem vill of oft gleymast hjá mörgum fagstéttarfélögum.

Ég tel að reynsla mín, áhugi og drifkraftur gæti nýst sálfræðingafélaginu og býð ég mig því fram í stjórn þess.

Með vinsemd og virðingu Óttar G. Birgisson